

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 490/2019 um starfskjör forstöðumanna.

1. gr.

Við 1. gr. reglnanna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Reglur þessar gilda einnig um starfskjör þeirra sem fá laun samkvæmt sérákvæðum í lögum, aðra en þjóðkjörna fulltrúa, dómara og ráðherra.

2. gr.

2. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Laun.

Reglubundin heildarlaun eru ákveðin í samræmi við niðurstöðu grunnmats starfs forstöðumanns stofnunar, sbr. 39. gr. a. laga nr. 70/1996. Reglubundin heildarlaun samanstanda af föstum launum fyrir dagvinnu og öðrum launum er starfinu fylgja. Þeir, aðrir en þjóðkjörnir fulltrúar, dómara og ráðherrar, sem fá greidd laun samkvæmt sérákvæðum í lögum, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 70/1996, fá greidd laun í samræmi við viðkomandi sérákvæði.

Hlutaðeigandi ráðherra, eða eftir atvikum stjórn, getur að auki ákvarðað greiðslu viðbótarlauna til þeirra sem heyra undir 39. gr. a., samkvæmt reglum fjármála- og efnahagsráðherra um greiðslu viðbótarlauna forstöðumanna.

Fyrsta desember ár hvert skal sá sem reglur þessar gilda um og telst í fullu starfi fá greidda persónuuppbót sem skal vera sama krónutala og háð sömu skilyrðum og gilda fyrir Félag háskóla- menntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS).

3. gr.

Orðið „forstöðumanna“ í 3., 5. og 9. gr. reglnanna fellur brott.

4. gr.

Í stað orðsins „Forstöðumenn“ í 4. gr. reglnanna komi: Þeir sem reglur þessar eiga við um.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

1. Í stað „Forstöðumaður skal“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: Þeir sem reglur þessar eiga við um skulu.
2. Í stað „Forstöðumaður á“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: Þeir sem reglur þessar eiga við um eiga.
3. Í stað „um ákveðna forstöðumenn“ í 2. mgr. komi: þeirra sem reglur þessar eiga við um.

6. gr.

Í stað orðsins „forstöðumanna“ í 8. gr. reglnanna komi: þeirra sem reglur þessar eiga við um.

7. gr.

Í stað orðanna „Forstöðumaður skal“ í 10. gr. reglnanna komi: Þeir sem reglur þessar eiga við um skulu.

8. gr.

Á eftir orðunum „með heimild í“ í 11. gr. reglnanna kemur: 39. gr. og.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 39. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 22. september 2020.

Bjarni Benediktsson.

Guðrún Þorleifsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 6. október 2020